



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á sérstökum fundi Alþingis
tileinkuðum Úkraínu**

6. maí 2022

Selenski Úkraínuforseti.

Fyrir hönd Íslendinga sendi ég þér og úkraínsku þjóðinni allri samstöðu- og stuðningskveðjur á þessum erfiðu tímum. Við dáumst mjög að styrk ykkar og þjóðaranda, andspænis ofbeldi hins rússneska innrásarhers.

Ég hef hitt landa þína hér, saklaust fólk sem þurfti að flýja heimkynni sín og komst hingað til Íslands. Öll eru þau velkomin og munu njóta skjóls hér svo lengi sem þau þurfa. Styrjöldin í Úkraínu snertir okkur öll, varðar okkur öll, og við munum halda áfram að styðja þjóð þína eftir bestu getu. Þótt höf og lönd aðskilji okkur eigum við sameiginleg gildi. Við eigum sömu vonir og eigum þann sama rétt að njóta frelsis, að lifa við frið, að sjá samfélög okkar blómstra.

Kæri forseti, nokkur orð á úkraínsku: *Við stöndum með öllum sem leita friðar. Við stöndum með þeim sem þurfa að verjast ofbeldi. Við stöndum með þeim sem vilja búa í frjálsu lýðræðissamfélagi.**

Virðulegi forseti, kæri forseti! Okkur er það mikill heiður að hlýða á ávarp þitt í sal okkar ævaforna Alþingis. Íslendingar styðja þá sem þurfa að berjast gegn kúgun og áþján. Íslendingar styðja Úkraínu.

* Ми стоїмо пліч-о-пліч із усіма, хто шукає миру. Ми виступаємо на стороні всіх, хто мусить чинити опір агресору. Ми солідарні з усіма, хто хоче жити у вільному та демократичному суспільстві.